

Fundargerð 560

Föstudaginn 22. maí 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Heiðbrá Ólafsdóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Aukið fjármagn frá Byggðastofnun í byggðaaðgerðir - til afgreiðslu

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Aukið fjármagn frá Byggðastofnun í byggðaaðgerðir - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum þróunar- og rekstrarsviðs varðandi aukið fjármagn frá Byggðastofnun í byggðaaðgerðir sem AME og MH kynntu.

Á fundi stjórnar 27. nóvember 2025 bókaði stjórn Byggðastofnunar að mikilvægt væri að stjórnvöld brygðust við ýmsum teiknum sem væru á lofti um versnandi stöðu á landsbyggðunum. Bókunin var send innviðaráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins auk þess sem að ráðherra heimsótti höfuðstöðvar stofnunarinnar þann 10. desember sl. þar sem þessi mál voru meðal annara til umræðu. Í kjölfarið hefur forstjóri Byggðastofnunar átt fundi með skrifstofustjóra skrifstofu sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála. Af þessum samtölum má ráða að ráðuneytið telji það vel við hæfi og hvetji stofnunina til þess að nýta uppsafnað eigið fé í þær auknu byggðaaðgerðir sem lagðar eru til hér að neðan, enda gefi fjárhagur stofnunarinnar svigrúm til slíkrar ráðstöfunar.

Eftirfarandi tillögur eru lagðar til:

1. Lagt er til að árin 2027 - 2031 leggi stofnunin til 10 m.kr. árlega í verkefnið „Verslun í dreifbýli“ eða samtals 50 m.kr.
2. Lagt er til að árin 2027 - 2031 leggi stofnunin til 80 m.kr. árlega í verkefnið „Brothættar byggðir“ að meðtöldu 45 m.kr. þegar samþykktu framlagi árin 2025 - 2027 eða samtals 400 m.kr. Val á byggðarlögum verði áfram í höndum stjórnar hverju sinni.
3. Lagt er til að árin 2027 - 2029 leggi stofnunin til 100 m.kr. árlega til uppbyggingar nýs atvinnuhúsnæðis í viðkvæmu byggðarlagi eða samtals 300 m.kr. Val á byggðarlögum verði í höndum stjórnar hverju sinni.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður bar ofangreindar tillögur upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 09:40

Magnús Helgason, fundaritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson